

Dagskrá stjórnarfundar nr. 6

21. nóvember 2012 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur E. Jóhannesson og Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp til samþykktar
Fundargerð samþykkt.

1. Sólheimakot

Á stjórnarfundum þann 19. september var dagskrárlið um málefni Sólheimakots frestað til næsta fundar.

Leigusamningur við Mosfellsbæ. Leigusamningur sá sem er í gildi nú milli HRFÍ og Mosfellsbæjar endurnýjast sjálfkrafa til eins árs ef aðilar segja honum ekki upp fyrir 1. október ár hvert.

Eins og fram kemur í fundargerð frá 19. september þá er þetta ekki í fyrsta sinn sem kvartað er undan slæmri umgengni í Sólheimakoti. Jafnframt kemur fram í fundargerð að árlegur rekstrarkostnaður Sólheimakots er kr.565.000 eða um kr.47.000 á mánuði.

Deildir úr tegundahópi 7 og 8 eru þær deildir sem mest nota Sólheimakot. Ákveðið var á þessum stjórnarfundum að áður en þessum samningi yrði sagt upp af hálfu HRFÍ að láta á það reyna að leita til deilda í tegundahópi 7 og 8 og boða formenn viðkomandi deilda á fund þann 21. september kl.12:00 og ræða framtíðarlausn Sólheimakots. Haldinn var fundur á skrifstofu HRFÍ. Ákveðið var að þessi hópur kæmi með tillögu að að úrlausn mála.

Þann 27. september sendir Jón Ásgeir Einarsson neðangreindan tölvupóst til formanns HRFÍ ásamt drögum að samningi um Sólheimakot:

Frá: "Jón Ásgeir Einarsson" <jon@aberandi.is>

Til: proplanet@simnet.is

Sent: Fimmtudagur, 27. September, 2012 13:22:25

Efni: Samningur um Sólheimakot

Sæl Jóna,

Í meðfylgjandi viðhengi eru samningsdrögin sem ég ræddi við þig um í símanum. Óformlegt samþykki liggur fyrir hjá öllum deildum innan tegundarhóps 7. Samningurinn verður tekinn fyrir á stjórnarfundum Retreiverdeildar í kvöld þar sem fastlega er gert ráð fyrir að samningurinn verði samþykktur.

Við óskum eftir fundum með stjórn HRFÍ á morgun föstudaginn 28. september þar sem meðfylgjandi samningur verður tekinn fyrir, þú leggur kannski til fundartíma. Ef stjórn HRFÍ sér sig ekki fært að mæta til fundar en list vel á samningsdröginum þá óskum við eftir að stjórn HRFÍ segi ekki upp núgildandi samning við Mosfellsbæ og leggi til nýjan fundartíma þar sem hægt verður að koma málinu áfram.

Jóna, þú kemur þessu áfram til stjórnarmanna HRFÍ og ef eitthvað er óljóst vertu þá endilega í sambandi. Síminn hjá mér er [REDACTED]

Bestu kveðjur / Best regards,

Jón Ásgeir Einarsson

Samningur

Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands, kt. xxxxxx-xxxx og Hundaræktarfélag Íslands kt. 680481-0249, báðir samningaáðilar með heimilisfesti í Síðumúla 15, 108 Reykjavík, gera með sér svofelldan

SAMNING

1. gr.

Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands, tekur að sér að annast um endurbætur, rekstur og viðhald íbúðarhússins á jörðinni Sólheimakoti, Mosfellsbæ, fyrir hönd Hundaræktarfélags Íslands, HRFÍ, í samræmi við samning HRFÍ og Mosfellsbæjar um sama

efni, dags. 6. mars 2002. Samningur HRFÍ og Mosfellsbæjar sem hér liggur til grundvallar er fylgiskjal með samningi þessum.

2. gr.

Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands kemur fram f.h. HRFÍ gagnvart viðsejanda, þ.e. Mosfellsbæ og öðrum sem hlut kunna að eiga að máli og stendur skil á greiðslum og öðrum skuldbindingum gagnvart Mosfellsbæ skv. samningnum, sbr. 1. gr. Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands yfirtekur jafnframt öll þau réttindi og skyldur HRFÍ sem samningurinn veitir og mælir fyrir um.

3. gr.

Í íbúðarhúsinu á Sólheimakotsjörðinni fer fram starfsemi á vegum HRFÍ, svo sem starfræksla skóla þar sem fram fer kennsla og námskeiðahald, ásamt fræðslustarf fyrir eigendur hunda og fleira því tengt. Húsið er einnig notað sem miðstöð fyrir prófahald á vegum félagsins sem og aðra starfsemi sem tengist félaginu og umsjónaraðila hússins, Sólheimakotsnefnd HRFÍ.

4. gr.

Sólheimakotsnefnd HRFÍ skuldbindur sig til að umhirða hússins innanstokks sem og umhverfis það og í næsta nágrenni þess verði viðunandi og samningaðilum til sóma.

5. gr.

Sólheimakotsnefnd HRFÍ setur hús- og umgengnisreglur ásamt leiðbeingum um umgengni og frágang hússins og hefur þær sýnilegar á áberandi stað í húsinu.

6. gr.

HRFÍ greiðir Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands kr. xxxxxx,- árlega og er sú fjárhæð endurgjald fyrir afnot allra deilda að aðstöðunni. Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands fjármagnar starfsemina sjálf að öðru leyti með styrkjum eða á annan hátt sem samræmist tilgangi starfseminnar. Heimilt er að taka hóflegt gjald af notendum hússins telji umsjónaraðili það nauðsynlegt.

7. gr.

Gildistími samnings þessa er eitt ár, frá og með 1. október 2012 til og með 30. september 2013. Segi Mosfellsbær upp samningi við HRFÍ dags. 6. mars 2002 fellur samningur þessi úr gildi frá og með þeim tíma.

Reykjavík xx.xx. 2012

F.h. Sólheimakotsnefndar Hundaræktarfélags Íslands F.h. Hundaræktarfélags Íslands

Ofangreind samningsdrög voru samþykkt í tölvupóstum af Önnu Maríu Flygenring, Deliu Howser og Ólafi E. Jóhannssyni. Samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2.

fskj. A-2637

Fimmtudaginn 27. september kl.16:24 sendir Jóna Th. Viðarsdóttir tölvupóst á stjórn:
Sæl öll.

Eftir yfirllestur samningsdraga, sem bárust fyrr í dag frá Jóni Ásgeiri þá er mín tillaga þessi: HRFÍ segir ekki upp samningi í ár. Ég geri ekki ráð fyrir því að forráðamenn Mosfellsbæjar segi okkur upp. Skipuð verði nefnd um umgengni/viðhald Sólheimakots. Legg ég til að í þá nefnd verði kosnir aðilar úr tegundahópi 7 og 8. Það gerir alla eftirfylgni betri þar sem þessir aðilar nota Kotið mest. Það skal þó tekið fram hér að á fundi með forráðamönnum Mosfellsbæjar í janúar í ár tilkynnti undirrituð að ekki yrði farið í stórtækar framkvæmdir eða endurbætur þegar óvissa væri um það hvort þetta hús stæði eður ei heldur einungis farið í nauðsynlegstu endurbætur. Áður en lagt er í endurbætur/viðhald skal kostnaður borinn undir framkvæmdastjóra/gjaldkera HRFÍ. Sólheimakotsnefnd semji umgengnisreglur fyrir hús og nágrenni og fylgi því eftir að farið sé eftir reglunum. Lykill að Sólheimakoti verður afhentur á skrifstofu gegn kvittun og ber að skila lykli strax að lokinni notkun þ.e. næsta dag. Starfsmaður HRFÍ kvittar fyrir móttöku. Gjaldtaka fer fram við afhendingu lykils. Allar deildir félagsins hafa aðgang að Kotinu gegn neðangreindu gjaldi:
Kvöldgjald kr.3.000

Daggjald kr.5.000

Helgargjald kr.10.000

Deildir bæti fyrir tjón/skemmdir sem verða á húsi/húsmunum - (spurning að hafa þessa klásúlu inni). Vilhjálmur Ólafsson f.h. Aflmarks ehf. hefur boðist til að borga fasteignagjöld næstu þrjú árin. Ég legg til að samningi við Íslenska gámafélagið ehf. um leigu og losun á tunnu verði sagt upp og spara þannig tæpar 70.000 á ári. Setja í umgengnisreglur að þeir sem nota húsið taki með sér tilfallandi rusl, sem væntanlega er hægt að losa í þar til gerða gáma eða heima hjá viðkomandi. Stjórn HRFÍ og Sólheimakotsnefnd fundi í síðasta lagi fyrir lok júní á næsta ári. Þar verður farið yfir umgengni, notkun, viðhald, tekjur og gjöld. Ákvörðun um áframhaldandi óbreytt fyrirkomulag eða uppsögn/framleigu verður tekin á grundvelli fyrirbyggjandi framangreindra upplýsinga.

Kær kveðja,

Jóna

Pessi tillaga Jónu Th. Viðarsdóttur formanns hlaut ekki undirtektir annarra stjórnarmanna

Priðjudaginn 16. október sendir framkvæmdastjóri HRFÍ tölvupóst á Stefán Ómar Jónsson hjá Mosfellsbæ:

Sæll Stefán Ómar,

Í húsaleigusamningi, dags. 6. mars 2002, milli Mosfellsbæjar og Hundaræktarfélags Íslands er ekkert tiltekið um heimild HRFÍ til framleigu/framsals jarðararinnar Sólheimakots í Mosfellsbæ, ásamt íbúðarhúsi og útihúsum.

Meðfylgjandi eru drög að samningi um Sólheimakot, sem meirihluti stjórnar HRFÍ samþykkti sín á milli í tölvupóstum þann 27. september sl.

Ég óska eftir álit Mosfellsbæjar á meðfylgjandi samningsdrögum, þ.e. hvort HRFÍ er heimilt að framleigja/framselja jörðina Sólheimakot í Mosfellsbæ, ásamt íbúðarhúsi og útihúsum, til annars félags.

Næsti stjórnarfundur HRFÍ verður þann 31. október nk. Þá verður formlega gengið frá samþykkt meirihluta stjórnar á meðfylgjandi samningsdrögum. Til þess að svo geti orðið þurfum við álit ykkar fyrir þann tíma.

Svar frá Mosfellsbæ

From: Stefán Ómar Jónsson [mailto:soj@mos.is]

Sent: 26. október 2012 09:48

To: Valgerður Júlíusdóttir

Cc: Þorgeir Þorgeirsson; proplanet@simnet.is

Subject: RE: Framsal samnings um Sólheimakot

Komdu sæl Valgerður.

Mosfellsbær vill segja þetta varðandi neðangreint þ.e. hvort heimilt sé að framleigja jörðina Sólheimakot í Mosfellsbæ sem bærinn er eigandi að.

Leigusamningur milli Mosfellsbæjar og félagsins er útrunninn og keyrir núna á framlengingarákvæði um eitt ár í senn.

Það er algerlega klárt að samningsaðilar eru stjórn Hundaræktarfélags Íslands og Mosfellsbær og engir aðrir og framsal leiguréttar af hálfu HRFÍ er alfarið háð samþykki leigusala, Mosfellsbæjar, ætti það að koma til. Andi samstarfs og samningstengsla HRFÍ og Mosfellsbæjar hafa einskorðast við að félagið hafi aðstöðuna á leigu, eingöngu til þarfa félagsheildarinnar þar sem stjórn HRFÍ er í forsæti.

Hugmyndir um framsal þeirra afnota sem HRFÍ hefur í dag fer því algerlega í bága við anda samningsins, og gildir þá einu hvort hugmyndir eru um framsal til aðila sem kann að hafa einhverja tengingu við HRFÍ eða ekki.

Með kveðju,

Stefán Ómar Jónsson

framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs/ bæjarritari

Mosfellsbær

Neðangreind bókun barst frá Ólafi E. Jóhannssyni í tölvupósti 21. nóvember kl.13:57

Bókun lögð fram á stjórnarfundum HRFÍ 21. nóvember 2012 og undirrituð af Ólafi E. Jóhannssyni, Deliu Howser og Önnu Maríu Flygenring.

Fjórar deildir í Hundaræktarfélagi Íslands hafa sameinast að taka að sér umsjón og rekstur húsakosts jarðarinnar Sólheimakots sem hefur verið í niðurníðslu undanfarin ár. Þessar fjórar deildir hafa myndað hóp undir nafninu „Sólheimakotsnefnd HRFÍ“ og gert samning við HRFÍ um þetta verkefni.

Í samningnum er kveðið á um hvað gera skuli sem og að allar deildir innan félagsins hafi eftir sem áður fullan rétt til afnota af húsakosti jarðarinnar.

Sólheimakotsnefnd HRFÍ hefur áform um að afla fjár frá félagsmönnum sem og velunnurum félagsins til þess að standa straum af kostnaði við margvíslegar endurbætur á húsnæðinu og hefur í því skyni skráð nefndina hjá fyrirtækjaskrá. Sólheimakotsnefnd HRFÍ er – eins og nafnið gefur til kynna – hluti af Hundaræktarfélagi Íslands og með heimilisfesti á sama stað og félagið sjálft. Nefndin er hvorki einkahlutafélag né sameignarfélag og lýtur ekki öðrum lögmaðlum en þeim sem því fylgja að vera afsprengi HRFÍ og er eins og hver önnur deild innan félagsins. Nefndin hefur aflað sér eigin kennitölu, til þess að geta haldið utan um fjármál sín af ábyrgð.

Samningur á milli HRFÍ og Sólheimakotsnefndar HRFÍ hefur verið samþykktur af meirihluta stjórnar.

Nú bregður svo við að framkvæmdastjóri HRFÍ sendir fyrirspurn til Mosfellsbæjar um það hvort félaginu sé heimilt að framleigja eða framselja jörðina ásamt húsakosti „til annars félags“.

Bæjaryfirvöld Mosfellsbæjar svara því neitandi sem vonlegt er.

Rétt er að taka fram að Sólheimakotsnefnd HRFÍ er ekki „annað félag“ en HRFÍ þótt nefndin hafi eigin kennitölu. Margar deildir innan HRFÍ hafa eigin kennitölu, en teljast samt ekki til annars félags.

Framganga framkvæmdastjóra HRFÍ sem er með vitund og vilja formanns HRFÍ er forkastanleg og ber vott um vilja þeirra til að spilla fyrir áður nefndu samkomulagi við Sólheimakotsnefnd HRFÍ sem formaður var reyndar andvígur alla tíð. Að mati undirritaðara hefur hér orðið alger trúnaðarbrestur á milli formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ annars vegar, og undirritaðra stjórnar- og varastjórnarmanna hins vegar. Þeirri háttsemi formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ sem hér er lýst fordæma undirritaðir stjórnarmenn HRFÍ.

Bókun Jónu Th. Viðarsdóttur, formanns:

Eins og fram kom á stjórnarfundum þann 19. september sl. þá er þetta ekki í fyrsta skipti sem málefni Sólheimakots eru rædd, bæði umgengni og viðhald húsnæðis. Þessu til staðfestingar er vísað í fundargerðir stjórnar, fulltrúaráðs og ársskýrslur stjórnar. Fram kemur í bókun Ólafs að „*Sólheimakotsnefnd HRFÍ hefur áform um að afla fjár frá félagsmönnum sem og velunnurum félagsins til þess að standa straum af kostnaði við margvíslegar endurbætur á húsnæðinu og hefur í því skyni skráð nefndina hjá fyrirtækjaskrá*“ Það hefur margoft verið rætt á stjórnarfundum, fulltrúaráðsfundi og í ársskýrslu stjórnar að fundað hafi verið með forsvarsmönnum Mosfellsbæjar og þeim tilkynnt að ekki verði farið í neinar framkvæmdir af hálfu félagsins á meðan óvissa er um það hvort við fáum áframhaldandi leigusamning. Síndu forráðamenn Mosfellsbæjar því fullan skilning. Mér finnst eðlilegra að sá peningur sem kemur inn í þetta “fyrirtæki” fari í rekstur Sólheimakots og nauðsynlegar framkvæmdir. Ég geri einnig athugasemd við nafn „fyrirtækisins“ Sólheimakotsnefnd. Engar nefndir, sem stjórn HRFÍ skipar í á fyrsta fundi nýrrar stjórnar, eru með kennitölu. Þá er því borið við í þessu sambandi að margar deildir hafi kennitölu. Ræktunardeildir HRFÍ starfa eftir reglugerð. Ekki er hægt að bera „fyrirtæki“ saman við ræktunardeild. Ég fer fram að nafn “fyrirtækisins” verði breytt.

Varðandi bókun Ólafs, Deliu og Önnu Maríu Flygenring um „*Framganga framkvæmdastjóra HRFÍ sem er með vitund og vilja formanns HRFÍ er forkastanleg og ber vott um vilja þeirra til að spilla fyrir áður nefndu samkomulagi við Sólheimakotsnefnd HRFÍ sem formaður var*

reyndar andvígur alla tíð. Að mati undirritaðara hefur hér orðið alger trúnaðarrestur á milli formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ annars vegar, og undirritaðra stjórnar- og varastjórnarmanna hinsvegar. Þeirri háttsemi formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ sem hér er lýst fordæma undirritaðir stjórnarmenn HRFÍ.”

Ég mótmæli þessum ávirðingum Ólafs, Deliu og Önnu Maríu stjórnarmönnum HRFÍ. Forráðamenn Mosfellsbæjar fengu afhent drög að samningi um framsal á leigu og byggja svar sitt á þeim drögum og engu öðru. Ég geri ekki svo lítið úr reynslu og starfi þessara manna að þeir hafi afgreitt málið með einhverjum öðrum hætti.

Ólafur E. Jóhannsson hefur samþykkt að ræða við aðila um að breyta nafni “fyrirtækisins” þ.e. að það heiti ekki Sólheimakotsnefnd.

Bókun frá Birni Ólafssyni

Björn Ólafsson er ekki sammála ofangreindum tillögum um Sólheimakot. Björn hefur haldið því á lofti að félagið ætti ekki að halda úti rekstri Sólheimakots. Björn óttast að ef tillaga Deliu, Ólafs og Önnu verður samþykkt þá komi fleiri deildir og óski eftir fjárstuðningi til leigu á öðru húsnæði.

Neðangreind tillaga barst frá Ólafi E. Jóhannssyni í tölvupósti 21. nóvember kl.13:57

Tillaga til stjórnar HRFÍ.

Stjórn HRFÍ samþykkir að leita eftir samþykki Mosfellsbæjar á samningi félagsins við Sólheimakotsnefnd HRFÍ. Stjórn samþykkir að fela Ólafi E. Jóhannssyni, Deliu Howser og framkvæmdastjóra HRFÍ að reka þetta erindi fyrir bæjaryfirvöldum.

Samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2.

Bókun Jónu Th. Viðarsdóttur, formanns:

Ég mótmæli því að Ólafur E. Jóhannsson og Delia Howser, stjórnarmenn HRFÍ, reki þetta erindi fyrir bæjaryfirvöldum. Stjórnarmenn eiga ekki að koma að daglegum rekstri félagsins og bendi ég á í þeim efnum að í starfslýsingu framkvæmdastjóra kemur m.a. fram að framkvæmdastjóri sjái um endurnýjun samninga í samvinnu við formann HRFÍ.

Farið var yfir starfslýsingu framkvæmdastjóra á síðasta stjórnarfundum þann 31. október þannig að stjórnarmönnum ætti að vera þetta ljóst.

Tölvupóstur frá Deliu Howser, sent: 2. október 2012 14:23

To: Stjórn

Cc: olafur.johannsson@simnet.is; annaflyg@gmail.com

Subject: Tillaga um framlag til Sólheimakots.

Ágætu félagar í stjórn HRFÍ

Með vísan í póst frá Jónu í morgun þar sem kom fram að meirihluti, Anna María Flygenring, Ólafur E. Jóhannsson og Delia Howser, sem hefur lýst yfir stuðningi við drög um samning um Sólheimakot, leggi fram tillögu um upphæð.

Við leggjum fram tillögu um að fjárstuðningur HRFÍ við Sólheimakot verði 400.000,00 á ári. Leggjum við þar til grundvallar yfirlit sem lagt var fram á síðasta stjórnarfundum um fasta kostnaðarliði vegna Sólheimakots.

Við horfðum til ársins 2012, að frádregnum fasteignagjöldum.

Með kveðju

Delia

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður ítrekar ofangreinda bókun sína og mótmælir þessari tillögu um fjárstuðning að upphæð 400 þúsund krónur á ári. Mér finnst eðlilegra að sá peningur sem kemur inn í þetta “fyrirtæki” fari í rekstur Sólheimakots og nauðsynlegar framkvæmdir.

2. Frumvarp til laga um velferð dýra – sent á stjórn 6. nóvember.

Stjórnarmenn lásu yfir. Fyrri stjórn HRFÍ var búin að senda tillögur um lagfæringar. Stjórnarmenn voru ekki með neinar athugasemdir við frumvarpið.

3. Stefnumótunarteymi – niðurstöður stefnumótunardags ásamt hluta af fundargerðum. Sent á stjórn 1. nóvember.

Ólafur E. Jóhannsson leggur til að Guðmundur A. Guðmundsson varamaður í stjórn komi að áframhaldandi vinnu með stefnumótunarteyminu. Ólafur ætlar að hafa samband við Guðmund.

4. ICIC – skýrslur frá fundi 2011 og 2012 – sent á stjórn 9. nóvember.

Enn vantar greinargerðina frá stjórn DÍF, sbr. bókun á síðasta stjórnarfundum.

5. Alþjóðleg sýning og augnskoðun 17.-18. nóvember 2012.

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélag Íslands fór fram helgina 17. - 18. nóvember 2012 í Klettagörðum 6, 104 Reykjavík. Dómarar að þessu sinni voru: Tapio Eerola (Finland), Natalja Nekrosiene (Svíþjóð), Anna Brankovich (Serbía), Zoran Brankovich (Serbia), John Walsh (Írland), Ole Staunskjær (Danmörk). Sýndir voru alls 785 hundar af 80 hundategundum og 32 ungmenni tóku þátt í keppni ungra sýnenda, 11 í yngri og 21 í eldri flokki. Dómari í þeirri keppni var John Walsh frá Írlandi. Heiðraðir voru afreks – og þjónustuhundur ársins og stigahæsti hundur og öldungur. Þjónustuhundur ársins var belgíski fjárhundurinn (malinois) Freyja (Lindjaj Cilla, IS09950/06). Freyja sem er sjö ára var gjöf frá lögreglunni í Gautaborg til stjórnanda og eiganda hennar Höskuldur Birkis Erlingssonar lögregluvarðstjóra á Blöndósi. Hún var þjálfuð hjá norsku tollgæslunni í eitt ár áður en hún kom til landsins árið 2006. Afrekshundar ársins 2012 voru hundavinir Rauða krossins á Íslandi. Rauði krossinn á Íslandi hefur síðustu 12 ár lagt áherslu á verkefni sem nefnt er Heimsóknavinir og frá árinu 2006 hafa hundar tekið þátt í verkefninu. Eru sjálfboðaliðar með hunda kallaðir Hundavinir og hefur þeim farið jafnt og þétt fjölgandi bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Stigahæsti hundur ársins var *C.I.B. ISCh Kudos Gagarin Poodle, miniature*, ræktendur eru Ruby Lindeman & Mikael Nilsson frá Svíþjóð og eigandi er Ásta María Guðbergsdóttir. Stigahæsti öldungur ársins er einnig í eigu Ástu Maríu Guðbergsdóttur, papillon hundurinn *C.I.B. ISCh Aspevalls Simon*. Stigahæstu ungu sýnendur ársins voru í eldri flokki: 1. sæti Brynja Kristín Magnúsdóttir, 2. sæti Erna Sigríður Ómarsdóttir, 3-4. sæti Theodóra Róbertsdóttir, 3-4. sæti Elísabet Ásta Ásta Guðjónsdóttir. Brynja Kristín keppir fyrir hönd HRFÍ á Crufts á næsta ári, Erna Sigríður keppir á heimssýningunni sem haldin er í Budapest í Ungverjalandi 16.-19. maí 2013. Tvær stúlkur urðu jafnar að stigum í 3.-4 sæti og því þurftu þær að fara í bráðabana sem Ole Staunskjær frá Danmörku dæmdi. Theodóra vann bráðabanann og keppir því fyrir hönd HRFÍ á Evrópusýningunni sem haldinn er í Sviss dagana 30. ágúst – 1. september 2013. Allar þessar fjórar stúlkur kepptu fyrir hönd HRFÍ á Nordic Winner Show í Herning í Danmörku 3.- 4. nóvember sl. Þær lentu í 2. sæti í liðakeppninni sem var frábær árangur. Þær stóðu sig frábærlega og voru félaginu til mikils sóma. Við óskum stelpunum innilega til hamingju með frábæran árangur. Stigahæstu ungu sýnendur í yngri flokki voru í 1. sæti Berglind Gunnarsdóttir & Ingunn Birta Ómarsdóttir.

Dómarar voru að venju ánægðir með starfsfólk sýningar, skipulagningu og framkvæmd.

Dönsku dýralæknarnir Finn Boserup Jörgensen og Susanne Mølgaard Kaarsholm augnskoðuðu 240 hunda. Augnskoðunin fór einnig fram í Klettagörðum 6. Dýralæknarnir voru mjög ánægðir með skipulag, framkvæmd og starfsfólk augnskoðunarinnar. Enginn hundur var greindur með alvarlegan augnsjúkdóm. Nýtt augnskoðunarvottorð var tekið í notkun.

6. Kynningabás á Nordic Winner show í Herning

HRFÍ var með kynningarbás á Nordic Winner Show í Herning í Danmörku 3.- 4. nóvember sl. ásamt öllum NKU hundaræktarfélagunum á svokölluðu Norðurlandatorgi. Vel tókst til og komu margir á bás félagsins. Settur var upp bogaveggur félagsins og sýnd var dvd af íslenska fjárhundinum sem vakti mikla athygli og ánægju gesta sem komu við á Norðurlandatorginu. Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri og Jóna Th. Viðarsdóttir voru á kynningarbás félagsins.

7. FCI hefur samþykkt CACIB sýningar fyrir árið 2016

FCI hefur samþykkt eftirfarandi CACIB sýningar fyrir árið 2016:

27.-28. febrúar 2016

3.- 4. september 2016

8. Erindi frá Deliu Howser sent með tölvupósti á stjórnarmenn 24. september 2012

Sæl öll

Ég fékk sent erindi frá félagsmanni varðandi skráningu í gagnagrunn.

Um er að ræða tík sem er hreinræktuð en sýkt af PRA. Hún er að sjálfsögðu ekki skráð í ættbók og snýst erindið ekki um það.

Það kom hins vegar eiganda hennar á óvart, þegar hún þreytti sporapróf með tíkina um síðustu helgi, að á pappírnum sem hún fékk stóð "Blendingur".

Tíkin er ekki blendingur - hún er hreinræktuð.

Spurning hvort hægt væri að hafa upplýsingar í gagnagrunninum réttar - þ.e. hreinræktuð en ekki skráð í ættbók.

Nú er ég að gefa mér að þessar upplýsingar séu að koma úr gagnagrunni HRFÍ - ekki frá einhverjum sér gagnagrunni Vinnuhundadeildar.

Endilega leiðréttið mig ef ég er ekki að fara með rétt mál.

Gott væri ef hægt væri að setja þetta mál á dagskrá næsta fundar - þá get ég staðfest við félagsmann okkar að þetta mál verði skoðað af stjórn.

Kveðja Delia

Valgerður og Jóna svöruðu eftirfarandi: Samkvæmt skilgreiningu FCI eru allir hundar, sem ekki eru með ættbók frá hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI, taldir blendingar. Delia Howser ætlar að svara erindinu.

9. Erindi frá Chihuahuaeild

A-2632

Stjórn Chihuahuaeildar óskar eftir því að heilsufarskröfum á tegundina verði lokað fyrir breytingum í 5 ár til þess að hægt sé að safna gögnum og upplýsingum. Má benda á að Finn Boserup sagði nauðsynlegt að halda kröfunni um 13 mánaða augnvottorð í amk 5 ár til þess að hægt væri að grípa tímanlega þá hunda sem greinast með PRA og teljum við nauðsynlegt að klára það heilsufarsstarf og kannanir sem lagst hefur verið í hjá deildinni áður en frekari breytingar yrðu gerðar.

F.h. Chihuahuaeildar

Klara Á. Símonard.

Samþykkt

10. Erindi frá Spítzhundadeild

A-2631

Meðfylgjandi er umsókn Spísshundadeildar um breytingar á augnskoðunarreglum fyrir Alaskan malamute, Pomeranian og Samojed. Auk þess hefur verið kosið í stjórn deildarinnar;

Kristín Elísa Guðmundsdóttir, formaður

Tara Sif Haraldsdóttir, ritari

Sigurlaug Sverrisdóttir, gjaldkeri

Agnes Klara Ben Jónsdóttir

Tryggvi Erlingsson

Stjórn Spísshundadeildar óskar eftir breytingu á augnskoðunarreglum hjá eftirfarandi tegundum: Alaskan malamute, Pomeranian og Samojed. Ósk okkar er sú að augnvottorð gildi í 18 mánuði fyrir Alaskan malamute og Samojed, og að augnskoðunarskylda verði felld niður fyrir Pomeranian. Þetta verði gert til að samræma reglur við aðra klúbba erlendis þar sem ekki er krafist augnskoðunar.

Alaskan malamute

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun undaneldishunda. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Samojedhundur

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki

ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Pomeranian

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Stjórn sammála að óska eftir meiri upplýsingum og rökstuðningi frá stjórn deildarinnar.

11. Erindi frá Schnauzerdeild

A-2633/A-2634

Schnauzerdeild óskar eftir leyfi sýningastjórnar HRFI, ásamt stjórn HRFI til að halda deildarsýningu laugardaginn 2. mars 2013.

27. september 2012

Schnauzerdeild óskar eftir leyfi sýningastjórnar HRFI, ásamt stjórn HRFI til að halda deildarsýningu laugardaginn 2. Mars 2013.

Við höfum farið þess á leit við spænska dómarrann Javier Sanchez að hann komi og dæmi á þessari sýningu en hann er mjög virtur Schnauzerdómari. Hann hefur gefið vilyrði fyrir því að koma og eru mjög spenntur að dæma á sérsýningu hér á landi.

Gæludýr.is í Koprutorgi hafa jafnframt gefið okkur velyrði fyrir því að halda sýninguna hjá þeim, okkur að kostnaðarlausu.

Laugardagur.

Sérsýning Schnauzerdeildar Kl 12.00-15.00 Dómari Javier Sanchez

Eins og flestir vita er gríðaleg feldvinna í schnauzer fyrir sýningar og því má reikna með góðri þátttöku á sýningu helgi eftir stóra sýningu HRFI þar sem hundarnir eru ennþá í réttri sýningarfeldgerð.

Schnauzerdeildin óskaði eftir að fá að halda tvöfalda afmælisýningu í mars 2011, sem var leyft. Sú sýning var helgina eftir febrúarsýningu HRFÍ. Vert er að benda á að skráning hélst á febrúarsýninguna og Júnísýninguna eftir afmælisýninguna og ætla má að svipuð skráning verði áfram í Schnauzerum á bæði febrúarsýninguna 2013 og júnísýninguna 2013 og ætti því deildarsýning Schnauzerdeildarinnar ekki að hafa áhrif á skráningu á aðrar sýningar HRFÍ.

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun.

Ef af þessu yrði munum við senda aðstoð á skrifstofu HRFI svo ekkert auka álag á að leggjast á starfsmenn þar vegna þessar sýningar.

Samþykkt

12. Erindi frá Shih tzudeild sent á stjórn 15. nóvember

A-2635

Til stjórnar H.R.F.Í.

Reykjavík,

14.11.2012

Síðumúla 15

105 Reykjavík.

Í framhaldi af fundi okkar dags. 31.10.2012 óskar stjórn Shih Tzu deildar eftir eftirfarandi breytingu á reglum er varða PRA sjúkdómin í Shih Tzu hundum:

”
Undaneldisdýr verði augnskoðuð með tilliti til PRA. Vottorð ekki eldri en 13 mánaða niðurstöður skulu vera til staðar FYRIR pörun. Óheimilt er að para og/eða rækta undan hundi sem greinst hefur með staðfest PRA. Þar sem Íslenski Shih Tzu stofnin er mjög líttill verður reynt að vinna skipulega að því að fyrirbyggja frekari útbreiðslu með skipulagðri ræktun næstu 5 árin. Þeir hundar sem eru í ræktunarbanni nú þegar, eru orðin 3ja ára geta sótt um undanþágu frá banninu eftir nánara samkomulagi við stjórn deildarinnar, eru augnskoðaðir „hreinir“ og eru góðir fullrúar tegundarinnar „

Stjórn deildarinnar vill áreitta að bæði Lorna Newman og Finn Bóserup hafa árettað að við gætum verið að gera meiri skaða en gott með þessu víðtæka banni sem er á tegundinni hér á landi.

Betra sé að vinna með hundum þar sem bakgrunnurinn þekkist og þannig eiga hægara með að skipuleggja ræktun með það að markmiði að útiloka PRA sjúkdóminn, en að flytja inn ný óþekkt dýr sem enginn deili eru á.

Á fyrirlestri Finn Boserup DVM varðandi arfgenga augnsjúkdóma og bréf sem barst í kjölfarið, svo og ýtarlegri greinargerð Lornu Newman BVM & S Cert. V. Opthal. MRCVS. eftir augnskoðun á Shih Tzu hundum hér á landi, hafa þau bæði staðfest að engin erfðafræðileg né vísindaleg rök séu fyrir því hvernig þessi sjúkdómur þ.e. PRA, erfist og er því engan vegin hægt að fullyrða að hvolpar sem fæðast undan dýrum skyldum þeim sem eru sýktir geti erfst sjúkdóminn. Eða þá að þeir sem bera sjúkdóminn, eigi hvolpa sem koma til með að bera sjúkdóminn.

Einnig er óskað eftir því við stjórn H.R.F.Í. að deildin megi fá sér til aðstoðar og eftirfylgni Lornu Newman BVM & S Cert. V. Opthal. MRCVS, sem hefur sýnt mikinn áhuga á sjúkdómnum. Að gefnu tilefni hefur Lorna verið að safna DNA prufum til rannsóknar sjúkdómnum. Einnig mætti benda á að mun auðveldara verði að fá afkvæmi undan sýktum hundum til að koma í augnskoðun, ef að þeir eru ekki sett sjálfkrafa í ræktunarbanni. Með von um góðar undirtektir og úrlausn mála Shih Tzu hundum á Íslandi f.h. Stjórn Shih Tzu deildar

Ofangreind beiðni samþykkt.

13. Ritara- og hringstjóranámskeið 10. nóvember

Ritara- og hringstjóranámskeið var haldið á skrifstofu HRFÍ 10. nóvember fyrir þá sem vilja hringstýra og /eða rita dóma á ensku fyrir dómara á sýningum félagsins.

Þorsteinn Thorsteinson sá um kennslu með aðstoð Lilju Dóru, Klara Símonardóttir var til hjálpar þegar þurfti en sá ekki um kennsluna. Þátttakendur voru 14:

Linda Björk Jónsdóttir, Arnheiður Runólfsdóttir, Kristín Á. Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Jóna Traustadóttir, Harpa Þorbjörnsdóttir, Sólrún Dröfn Helgadóttir, Guðbjörg Kristinsdóttir, Arna Sif Kærnested, María Björg Tamimi, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Sóley Ragna Ragnarsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Stefán Arnarson, Eygló Grímsdóttir.

14. Tillaga frá Vilhjálmi Ólafssyni um breytingu á grundvallarreglum HRFÍ

Núgildandi:

1.3.

Koma ekki þannig fram á sýningum, prófum eða keppnum eða hvar sem er á opinberum vettvangi að það hafi áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm.

Tillaga að breytingu:

1.3.

Koma ekki þannig fram á sýningum, prófum eða keppnum eða hvar sem er á opinberum vettvangi að það hafi áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm.

Félagsmaður skal ekki tala á niðrandi hátt um hunda félagsmanna, starfsmenn HRFÍ og/eða þátttakendur í viðburðum félagsins og deilda þess. Hvort sem er í ræðu eða riti, á prenti eða á vefsíðum á internetinu. Gildir þetta jafnt á viðburðum félagsins sem utan þess.

Núgildandi grundvallarreglur HRFÍ tóku gildi 1. janúar 2008. Eru þær byggðar á grundvallarreglum SKK. Núverandi grundvallarreglur SKK gilda frá 1. janúar 2009. Þyrfti að endurskoða okkar grundvallarreglur m.a. með tilliti til breytinga hjá SKK.

Samþykkt að endurskoða grundvallarreglurnar í heild sinni og leggja fram á næsta stjórnarfund.

15. Skýrsla fulltrúa HRFÍ – veiðipróf 501212 – sent með tölvupósti 31. október kr.17:52

Til stjórnar HRFÍ

Mosfellsbær 24.10.2012.

Skýrsla fulltrúa HRFÍ. fyrir próf 501212.

Prófið fór fram dagana 20 – 21 október á Mosfellsheiði við línuveginn ofan Gljúfrasteins. Það voru tveir fulltrúar HRFÍ á prófinu þeir Egill Bergmann sem dæmdi 20/10 og Guðjón Sig Arinbjörnsson sem dæmi 21/10. Opinn flokkur var 20/10 þar voru 5 hundar skráðir og mætu allir, ein hundur hlaut einkunn þann daginn. Prófstjóri var Vilhjálmur Ólafsson. Engar skriflegar kærur hafa borist vegna prófsins sem fór fram eftir reglum félagsins.

Egill Bergmann fulltrúi HRFÍ 20 október.

16. Veidiprófanefnd HRFÍ - Umsóknir og fjárhagsáætlanir um fuglahundapróf – sent á stjórn 31. október kl.17:33
A-2636
Samþykkt

17. Erindi frá Deliu Howser sent með tölvupósti á stjórnarmenn og framkvæmdastjóra 8. október
Sæl Vala
Gott að þetta mál er komið í höfn.

Ég held að við þurfum að fara í markvissa vinnu varðandi upplýsingar á heimasíðu (finn ekki neitt um þetta en leiðréttið mig ef ég fer með rangt mál) varðandi útlagðan kostnað .
Þar undir kæmu m.a.:

- Greiðslur á útlögðum kostnaði – tímasetning á skilum til skrifstofu (mín tillaga 20. Hvers mánaðar)
- Samningar varðandi flug
- Hvað má skrifa og hvað ekki - minnst á síðasta fundi umræðum um að fólk væri að skrifa í heimildarleysi
- Allt annað sem þið vitið og þekkið betur til mála starfsmenn skrifstofunnar

Var búin að óska eftir því að reikingaskilin yrði sett á dagskrá næsta fundar – útfærum þann lið í almennar leiðbeiningar til félagsmanna varðandi útlagðan kostnað

Bókun Jónu Th. Viðarsdóttur formanns:

Enn og aftur bendi ég á starfslýsingu í starfssamningi framkvæmdastjóra:

Annast daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald.

Hafi stjórnarmenn einhverjar athugasemdir við starfshætti skrifstofu þá er rétt að koma þeim athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjóra. Þetta erindi á ekki heima á stjórnarfundi HRFÍ.

Samþykkt að framkvæmdastjóri skoði ofangreindar tillögur og komi þeim í verkferla. Setja á vefsíðuna til upplýsinga. Taka fram að engum er leyfilegt að taka út vörur eða þjónustu í nafni félagsins.

18. Fyrirspurn frá Deliu Howser, gjaldkera HRFÍ, lögð fram á stjórnarfundi 19.09.2012
Fyrirspurn beint til formanns
Utanlandsferðir á vegum HRFÍ - fundir og ráðstefnur:

1. Hver ákveður hvaða fulltrúar fara á fundi og ráðstefnur erlendis?
Við höfum sama hátt á og önnur NKU og FCI félög þ.e. formaður og framkvæmdastjóri sækja fundi. Yfirleitt er framkvæmdastjórafundur fyrir NKU stjórnarfund.
2. Hvað ræður fjölda þátttakenda? Er þörf á að fleiri en einn fari?
Sjá svar við lið 1.
3. Er þörf á að vera á staðnum - væri hægt að láta nægja fundargerðir? Hverju skilar viðvera okkar á fundum umfram það að fá upplýsingar í formi fundargerða?
Það fer væntanlega eftir því hver er í stjórn hverju sinni hvert svarið er við þessari fyrirspurn.
4. Hefur verið kannað hvort að við fengjum heimild til að bera upp erindi á fundi bréflaga svo hægt væri að spara ferðakostnað?
Það hefur einhverju sinni verið gert þegar við höfum ekki getað sótt fundi.
5. Hver var kostnaður vegna utanlandsferða síðustu 3 árin og það sem af er þessu ári, hverjir fóru, hvert fóru þeir og í hvaða tilgangi?

Utanlandsferðir á vegum HRFÍ - fundir og ráðstefnur árin 2009-2001-2011

ár	Tilfni	staður	Fulltrúi/ar HRFÍ	kostnaður
2009	Vísindaráð NKU	Reykjavík	Helga Finnsdóttir	105.362

2009	NKU fundur	Reykjavík	Stjórn HRFÍ	300.428
2009	FCI fundur	Bratisslava	Valgerður og Jóna, sem gr.flug sjálf	159.908
Samtals árið 2009				565.698
2010	NKU fundur	Danmörk	Guðríður, Valgerður og Jóna, sem gr.flug sjálf.	296.984
2010	NKU fundur	Helsinki	Guðríður, Valgerður og Jóna, sem gr.flug sjálf.	351.712
2010	Kynningarbás WDS	Danmörk	Guðríður, Valgerður og Jóna, sem gr.flug sjálf.	252.633
2010	Kynningarbás WDS	Danmörk	Kostnaður við kynningarbás	340.861
Samtals árið 2010				1.242.190
2011	FCI-fullgildir félagar	Paris	Valgerður og Auður Sif	613.400
2011	FCI-Eurosection	Holland	Valgerður og Jóna	198.019
2011	NKU fundur	Oslo	Valgerður og Jóna	106.841
2011	Kynningarbás NWS	Stokkhólmur	Valgerður og Jóna, sem gr.flug sjálf.	220.048
2011	Kynningarbás NWS	Stokkhólmur	Kostn.við kynningarbás&BIS heiðursverðl.	196.767
Samtals árið 2011				1.335.075

6. Hvaða árangri skiluðu þessi ferðalög og hvernig gerðu þessir aðilar grein fyrir honum?
 Ferðalögin sem slík skiluðu litlu nema fundarsetu og gistingu yfir nótt en fundarseta er upplýsandi og árangursrik og skilar sér klárlega í starfi okkar. Gerð er grein fyrir fyrir fundum á stjórnar- og fulltrúaráðsfundum
7. Hafi viðkomandi fulltrúar HRFÍ gert grein fyrir árangri af ferðum sínum skv. 6.lið þessarar fyrirspurnar, hvar hafa þær upplýsingar verið kynntar eða birtar?
 Sjá svar við lið nr.6

Utanlandsferðir á vegum HRFÍ - keppnir:

- Hver ákveður fjölda þátttakenda og fjölda fylgdarmanna?
 Árangur í keppni ungra sýnenda ræður hverjir fara í keppni. Árið 2011 var ekki borgað fyrir fylgdarmann.
- Hversu margar ferðir eru þetta á ári?
 Fjórar ferðir:
 Stigahæsti ungi sýnandi keppir á Crufts
 Annar stigahæsti ungi sýnandi keppir á WDS
 Þriðji stigahæsti ungi sýnandi keppir á EDS
 Landsliðið, fjórir stigahæstu ungu sýnendur, keppa á NWS
- Hver hefur kostnaðurinn af þessum ferðalögum verið sl. 3 ár og það sem af er þessu ári?

Utanlandsferðir á vegum HRFÍ - keppnir Unglingadeildar HRFÍ

		2009	2010	2011
Kostnaður - flug og gisting	kr.	916.026	718.714	569.980
Sýningarþjálfun	kr.	364.963	449.781	356.322
Styrkur frá Dýrheimum	kr.	200.000	200.000	200.000
Samtals kostnaður	kr.	351.063	68.933	13.658

19. Breytingar á reglum ræktunardeilda – VI. Veiði- og vinnuþróf

Tillaga frá Ólafi E. Jóhannssyni, stjórnarmanni lögð fram til kynningar.

20. Stjórn Smáhundadeildar – vinnuframlag sjálfboðaliða Smáhundadeildar á ágústýningu Stjórn HRFÍ þakkar Smáhundadeild fyrir vinnuframlag hennar á ágústýningu félagsins.

21. Önnur mál

- Ólafur E. Jóhannsson leggur fram til kynningar *Reglur um Dómararáð fyrir tegundarhóp 7*
- Ráðning framkvæmdastjóra er í vinnslu og umsóknafrestur rennur út í dag. Málin skýrast trúlega fljótlega.
- Álitsgerð um rétt stjórnar Hundaræktarfélags Íslands til að heimila, varastjórnarmönnum takmarkaða þátttöku í stjórnarfundum í félaginu **Samþykkt með 3 atkvæðum geng 1, einn sat hjá.**

Álitsgerð um rétt stjórnar Hundaræktarfélags Íslands til að heimila varastjórnarmönnum takmarkaða þátttöku í stjórnarfundum í félaginu

Verkefnið

Undirritaður, stjórnarmaður í HRFÍ, hefur unnið eftirfarandi álitsgerð um hvort stjórn HRFÍ sé heimilt á grundvelli laga félagsins að heimila varastjórnarmönnum að sitja stjórnarfundum í félaginu með málfrelsi og tillögurétti, en án atkvæðisréttar.

Málsástæður

Tillaga um að heimila varastjórnarmönnum að sitja stjórnarfundum í félaginu með málfrelsi og tillögurétti, en án atkvæðisréttar, var flutt á stjórnarfundum í félaginu 25. júlí 2012 sl. en felld af meirihluta stjórnar. Frá þessu greinir í fundargerð umrædds stjórnarfundar sem birt er á heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands www.hrfi.is.

Þar segir eftirfarandi:

„3. Tillaga til stjórnar HRFÍ frá Ólafi og Deliu sem kynnt var á síðasta fundi. Umræður fóru fram og skipst var á skoðunum. Ólafur og Delia voru samþykkt tillögu sinni að hafa varamenn virka á stjórnarfundum. Anna, Björn og Jóna vildu fara eftir lögum og hafa aðeins aðalmenn þar sem þeir taka ekki þátt í kosningu og afgreiðslu mála og því í raun hefðu ekkert erindi inn á fundina. Þannig að tillaga Ólafs og Deliu var felld.“

Eftir samanburð á tillögunni og bókaðri niðurstöðu sem birtist í fundargerð, sýnist undirrituðum gæta nokkurs ósamræmis. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum tekur áður nefnd tillaga aðeins til þess að varamenn hafi málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum, en ekki atkvæðisrétt, eins og lengi vel var tíðkað í stjórn HRFÍ. Skv. bókun í fundargerð segir að „Ólafur og Delia“ hafi lagt til að „að hafa varamenn virka á stjórnarfundum“, en þess ekki getið að aðeins var lagt til að viðkomandi hefðu einungis málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, en á þessu er grundvallarmunur. Er ónákvæmni í ritun fundargerðar áttalin hvað þetta varðar.

Röksemdir – lög HRFÍ og túlkun þeirra

Í lögum HRFÍ segir eftirfarandi um verkefni stjórnar félagsins:

„IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfulegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins. 31. mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

11. Stjórn HRFÍ fer með málefni félagsins milli félagsfunda.

Stjórn skal auk þess sem kveðið er á um í lögum þessum:

a) Undirbúa mál sem félagsfundur fjallar um

b) Taka til meðferðar ályktanir félagsfunda.

c) Bera ábyrgð á fjárreiðum og öðrum eigum HRFÍ.

d) Skila ársreikningum HRFÍ til endurskoðenda fyrir lok janúar ár hvert.

e) Sjá um ráðningar og uppsagnir starfsfólks, ákveða laun og önnur kjör, taka saman starfslýsingar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk og hafa tilsjón með starfi þess.

f) Setja reglugerðir um starfsemi félagsins.

g) Skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur.

Stjórn HRFÍ getur skipað nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar. Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, visindanefnd, skólanefnd

ættbókarnefnd og laganefnd. Fastanefndir skulu gefa stjórn félagsins skýrslu um starfsemi sína fyrir lok mars ár hvert.

12. Formaður boðar til stjórnarfundar, en í forföllum hans varaformaður. Fundirnir skulu boðaðir með tryggilegum hætti og með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Stjórn HRFÍ skal koma saman a.m.k. einu sinni í mánuði.

Stjórnarfundir eru ályktunarbærir þegar þrír stjórnarmenn eru mættir til fundar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar.

Aðrar skyldur stjórnar HRFÍ er að finna í 6. gr. II. kafla lagana um félagsmenn, þar sem segir eftirfarandi:

„6. Stjórn félagsins getur kjörið heiðursfélaga. Viðkomandi skal hafa lagt sérlega mikið af mörkum í þágu málefna félagsins.“

Enn fremur er ákvæði um skyldur stjórnar í 14. 4r. V. kafla félagslaga HRFÍ þar sem segir:

„14. Stjórn félagsins ákveður gjaldskrá félagsins fyrir ár hvert. Heimilt er að fella niður félagsgjald þeirra félaga 67 ára og eldri, sem greitt hafa félagsgjöld samfellt síðastliðin 10 ár.“

Í lögum HRFÍ er hvergi tekið fram sérstaklega að varamenn skuli sitja stjórnarfundum. Í lögnum er heldur ekki tekið fram að svo skuli ekki vera. Í þessu tilviki, þar sem lög félagsins veita ekki beina leiðsögn um það hvernig málum skuli háttað, er rétt að líta til þess verklags sem viðhaft hefur verið hjá félaginu, sem og annarra fordæma.

Áralöng venja er fyrir því að varamenn í stjórn HRFÍ hafa setið stjórnarfundum með sömu réttindum og aðalstjórnarmenn, þ.á.m. atkvæðisrétti. Má með rökum halda því fram að þar með hafi skapast sú venja að varastjórnarmenn taki fullan þátt í stjórnarstörfum líkt og aðalmenn. Finna má að því að atkvæðisréttur fylgi setu varamanns á stjórnarfundum, þ.e. að varamaður greiði þar atkvæði án þess að aðalmanntanti á viðkomandi fund. Seta á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti er annars eðlis og girða lög HRFÍ í engu fyrir að veita varamönnum seturétt á stjórnarfundum, standi vilji stjórnar til þess.

Rétt er að hafa í huga að enda þótt varamenn hafi í fjölmörg ár setið stjórnarfundum HRFÍ með sömu réttindum og aðalmenn, þ.á.m. atkvæðisrétti, hefur aðalfundur HRFÍ aldrei amast við þessu fyrirkomulagi og engar kröfur hafa komið fram af hálfu félagsmanna svo vitað sé um breytingar á því. Hefði þó félagsmönnum – sem og stjórnarmönnum í HRFÍ – verið í lófa lagið að gera athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Að þessu virtu má ljóst vera að gild rök eru fyrir því, að fyrir liggja samþykki margra undangenginna stjórna og aðalfunda HRFÍ á þessu verklagi, þótt það hafi ekki verið staðfest með formlegum hætti, s.s. atkvæðagreiðslu á aðalfundi.

Fjölmörg dæmi eru um að fyrirtæki, áhugamannafélög og stofnanir heimili varamönnum setu á stjórnarfundum með tilteknum réttindum. Er ástæða þess oft sú að því fylgir hagræði að þurfa ekki að kalla til varamann ef aðalmaður forfallst skyndilega. Ekki verður annað séð en að hagræði geti verið af því fyrir stjórn HRFÍ að veita varamönnum seturétt á stjórnarfundum. Í því sambandi má benda á að í lögum HRFÍ segir í IV. kafla, 2. mgr. 12. gr.: „Stjórnarfundir eru ályktunarbærir þegar þrír stjórnarmenn eru mættir til fundar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar.“ Með hliðsjón af þessu ákvæði yrði ekki fundarfært í stjórn HRFÍ ef þrír aðalmenn gætu ekki sótt fund eða þyrftu að yfirgefa fund fyrir fundarlok. Með tvo varamenn á stjórnarfundum yrði stjórn aftur á móti unnt að sinna stjórnarstörfum óhindrað.

„Óformlegar athugasemdir“ Ingibjargar Björnsdóttur hdl.

Undirrituðum hefur verið tjáð að þegar meirihluti stjórnar felldi áður nefnda tillögu Ólafs og Deliu hafi verið stuðst við „óformlegar athugasemdir“ Ingibjargar Björnsdóttur hdl. sem virðast hafa verið sendar framkvæmdastjóra HRFÍ með tölvupósti 1. apríl 2012, ef marka má fyrirliggjandi gögn.

Í hinum óformlegu athugasemdum virðist vera gefin umsögn um ýmsar breytingartillögur við lög félagsins sem lagðar voru fyrir aðalfund sl. vor. Eftir því sem undirrituðum er tjáð skýldi meirihluti stjórnar HRFÍ sér á bak við þessar óformlegu athugasemdir þegar tillaga Ólafs og Deliu var felld á fundinum 25. júlí sl. Eftir að hafa farið yfir hinar óformlegu athugasemdir má telja líklegt að við þetta tækifæri hafi stjórn HRFÍ haft í huga athugasemdir sem gerðar voru við breytingartillögur við 12. gr. laga félagsins.

Í hinum óformlegu athugasemdum segir eftirfarandi:

„Tillaga um breytingu á 12. gr. – áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum“

Skv. núgildandi lögum ættu „einungis stjórnarmenn (og varamenn þeirra í forföllum stjórnarmanna) að sitja stjórnarfundum, en skv. tillögunni mega „deildir félagsins senda áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum.“

Í ósamræmi við almennan félagarétt er gerir ekki ráð fyrir öðrum á fundum en stjórnarmönnum, varamönnum og framkvæmdastjóra nema stjórn óski sérstaklega eftir öðrum fundarmönnum.

Varhugavert er að opna fundina almennt vegna trúnaðarmála sem rædd eru á stjórnarfundum. Kallar á óþarfa vinnu við undirritun trúnaðaryfirlýsinga áheyrnarfulltrúa fyrir hvern fund. **Óþarfa breyting.**

Tillaga um breytingu á 12. gr. – atkvæðisréttur varamanna á stjórnarfundum

Skv. núgildandi lögum eru stjórnarfundir ályktunarbærir þegar „3 stjórnarmenn mæta“ en skv. tillögnum er kveðið á um að „varamenn hefi ekki atkvæðisrétt nema í forföllum aðalmanns“. Í núgildandi lögum er ekkert kveðið á um atkvæðisrétt varamanna og því gildir almenn regla félagaréttar að þeir hafa ekki atkvæðisrétt nema í lögmætum forföllum stjórnarmanna. Ef framkvæmdin er í ósamræmi við núgildandi lög og meirihluti félagsmanna vilja halda í þá framkvæmd þarf að breyta ákvæðinu í þá átt, þ.e. að taka fram að varamenn hafi atkvæðisrétt jafnt á við stjórnarmenn. Slíkt er í ósamræmi við almennan félagarétt en leyfilegt ef meirihluti félagsmanna kjósa með slíkri lagabreytingu. **Óþarfa breyting miðað við núgildandi lög en ákvæðið þarfnast skoðunar ef framkvæmd er í ósamræmi við lög félagsins. Eins og lögin eru núna er óheimilt að atkvæði varamanns hefi vægi við ákvarðanatöku nema stjórnarmaður sé forfallaður. Mælt er með að framkvæmd ákvarðanatöku sé færð til samræmis við lögin/félagarétt til einföldunar.**“ Um þessar óformlegu athugasemdir má segja að þær veita lítil sem engin svör við því álitafni sem tekist var á um á stjórnarfundinum 25. júlí sl. og undalegt að meirihluti stjórnar skuli hafa skýlt sér á bakvið þessar athugasemdir við atkvæðagreiðslu um tillögu Ólafs og Deliu. Réttilega er þó bent á í fyrrihluta tilvitnaðra athugasemda, að ekki sé gert ráð fyrir öðrum á stjórnarfundum en stjórnarmönnum, varamönnum og framkvæmdastjóra nema eftir öðrum sé óskað sérstaklega. Í síðari hluta athugasemdanna er fjallað um mögulegan atkvæðisrétt varamanna á stjórnarfundum án þess að stjórnarmenn séu forfallaðir. Réttilega er bent á að atkvæðisréttur fylgi ekki varastjórnarsæti nema í forföllum aðalmanns, en í engu er amast við því að varamönnum sé heimilað að sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Skv. framansögðu mæla hinar „óformlegu athugasemdir“ Ingibjargar Björnsdóttur hdl. ekki gegn því að tillaga Ólafs og Deliu um áður nefnd réttindi varastjórnarmanna verði samþykkt. Einnig er rétt að minna á að HRFÍ er áhugamannafélag sem vinnur að tilteknum markmiðum sem félagsmenn eiga sér sameiginleg og varða ræktun hunda. Ekki er um það að ræða að félagið hafi fjárhagsleg markmið eigendum sínum til ábata. Með það í huga sýnist almennt séð langsótt að leita í lög um einkahlutafélög til fyllingar lögum um HRFÍ, enda um gjörólíkt félagsfyrirkomulag að ræða. Í ljósi hinna óformlegu athugasemda er rétt að vekja athygli á því að undarlega er að orði komist í fundargerð stjórnarfundarins frá 25. júlí 2012, þar sem sagt er að Anna, Björn og Jóna „*vildu fara eftir lögnum og hafa aðeins aðalmenn...*“ o.s.frv. þar sem í ljósi framansagðs er hvorki í lögum félagsins viðvera varamanna á stjórnarfundum bönnuð, né því haldið fram að svo sé í hinum „óformlegu athugasemdum“ lögfræðilegs ráðgjafa HRFÍ. Þessi niðurstaða fundarritara er því algerlega úr lausu lofti gripin og hreinn tilbúningur í ljósi framansagðs.

Önnur fordæmi og rök

Bent er á að ýmis dæmi eru um að varastjórnarmenn eigi seturétt á stjórnarfundum í hinum ýmsu félögum, samtökum og stofnunum. Nefna má Fjármálaeftirlitið sem dæmi um stofnun þar sem slíkt fyrirkomulag er viðhaft. Rökin fyrir seturétti varastjórnarmanna á stjórnarfundum ýmissa félaga, samtaka og stofnana eru þau að með þeim hætti næst virkja fleiri til starfa en stjórnarmenn eina, sem og að varastjórnarmönnum gefst þá tækifæri að kynna sér þau mál sem fyrir liggja og verða þar með hæfari en ella til að leysa kjörna stjórnarmenn af hólmi þegar til ákvörðunar kemur.

Þess er áður getið að ýmis dæmi eru um að varastjórnarmenn eigi seturétt á stjórnarfundum í hinum ýmsu félögum, samtökum og stofnunum. Dæmi um slíka stofnun er Fjármálaeftirlitið sem starfar eftir lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Í þeim lögum er ekki að finna – ferkar en í félagslögum HRFÍ – ákvæði sem heimilar varamönnum að sitja stjórnarfundum. Eina lagaákvæðið þar sem varamenn eru nefndir er í 4. gr. laganna þar sem segir: „*Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem [ráðherra]1) skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.*“

Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur hins vegar sett sérstakar starfsreglur þar sem tekin er afstaða til þess álitafnis sem hér um ræðir, þ.e. seturétt varamanna á stjórnarfundum. Í 6. gr. starfsreglna stjórnar Fjármálaeftirlitsins er fjallað um þetta álitafni, en þar segir eftirfarandi:

„*Stjórnarfundir*

Stjórnarfundir skulu haldnir þegar ástæða er til, en að jafnaði mánaðarlega. Í upphafi hvers árs leggur stjórnarformaður fram verk- og fundaaætlun stjórnar fyrir árið. Varamenn skulu sitja stjórnarfundum. Forstjóri og staðgengill forstjóra sitja stjórnarfundum nema annað sé sérstaklega ákveðið. Aðrir starfsmenn sitja fundum ef sérstaklega er óskað vegna mála sem til umfjöllunar eru.“

Niðurstaða

Með hliðsjón af gildandi lögum sem Fjármálaeftirlitinu ber að fara eftir sem og ofangreindu ákvæði um setu varastjórnarmanna á stjórnarfundum þeirrar stofnunar, sýnist ekkert því til fyrirstöðu að stjórn HRFÍ geri um það sérstaka samþykkt að varamenn kjörnir á aðalfundi skuli eiga seturétt með tillögurétti og málfrelsi á stjórnarfundum, enda banna lög HRFÍ það ekki. Engin rök standa til þess að áhugamannafélag eins og slíkt sem hér um ræðir þar sem hundar eru áhugamálið, setji sér strangari

formreglur hvað varðar seturétt varamanna á stjórnarfundum en Fjármálaeftirlitið sem er sú eftirlitsstofnun íslensk sem hefur tilsjón með íslensku fjármálakerfi að öllum fjármálastofnunum þess meðtöldum.

Reykjavík 01.11.2012
Ólafur E. Jóhannsson
stjórnarmaður í HRFÍ

Bókun frá Jónu Th. Viðarsdóttur formanni:

Rökleiðing Ólafs með Fjármálaeftirlitið og hvernig hann getur líkt stjórnarstarfi þess saman við stjórnarstarf í áhugamannafélagi fæ ég ekki skilið. Fjármálaeftirlitið er gríðarlega mikilvæg stjórnsýslustofnun um kerfislega mikilvæga starfsemi í landinu og það getur skipt sköpum að þar séu allir stjórnarmenn, auk varamanna, vel inn í því sem er að gerast.

- **Tillaga frá Önnu Maríu, Deliu og Ólafi um fundargerð stjórnarfundar 31. 10. 2012.** Stjórn HRFÍ harmar að svonefnd „fundargerð“ stjórnarfundar HRFÍ sem haldinn var 31. 10. 2012 skuli hafa ratað á heimasíðu félagsins. „Fundargerðin“ var röng bæði að formi til og efni þar sem umræddum stjórnarfundum var aldrei slitið, þótt formaður HRFÍ haldi öðru fram. Enda var „fundargerðin“ hvorki yfirlésinn né samþykkt af stjórn HRFÍ og er því sú „fundargerð“ sem birtist á heimasíðu félagsins marklaust plagg. Stjórn HRFÍ átelur harðlega þessi vinnubrögð formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ.
Samþykkt með 3 atkvæðum gegn einu, einn sat hjá.

Bókun frá Jónu Th. Viðarsdóttur formanni:

Ég mótmæli ofangreindri tillögu. Formaður setur stjórnarfund og slítur honum. Fundargerð sú sem birtist á vefsíðu félagsins var ekki yfirlésinn af stjórn. Því miður láðist að taka út tvö símanúmer í einum dagskrárlíð. Var það leiðrétt. Ég hef einnig samþykkt á þessum stjórnarfundum að taka út tölvupóstssamskipti stjórnar við samþykkt á samningsdrögum vegna Sólheimakots og leggja þau fram sem fylgiskjal við 1. dagskrárlíð hér að ofan. Að öðru leiti stendur fundargerðin.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 12. desember kl.17:00.

Boða verður Auði Sif Sigurgeirsdóttur í forföllum Björns Ólafssonar.

Fundi slitið kl.21:58

Sign:

Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur E. Jóhannesson.